



1.Hluti – Undirbúningur, foreldrar fá hlutdeild

- ✓ Kennarinn sendir öllum foreldrum bréf og hvetur þá til að taka þátt í verkefni um góðan bekkjarbrag með því að ræða við börnin sín, fyrir tiltekinn dag, um hvað einkenni góðan bekk með tilliti til samskipta. Ekki er þörf á skriflegum skilum eða staðfestingu.

2. Hluti – Hópverkefni, listinn. U.þ.b. 50 mín.

- ✓ Þegar dagurinn rennur upp skiptir kennarinn nemendum niður í fjögurra manna hópa. Kennarinn lætur hvern nemanda hafa hlutverk í hópnum, einn er tímavörður, annar ritari, sá þriðji tryggir að allir fái að tjá sig og sá fjórði er kynnir. Einnig geta nemendurnir dregið um hlutverk. Ræða þarf hvað felst í hverju hlutverki. Forðast ætti að hafa nemendur sem ekki hafa tök á íslensku í sama hópi. Hver hópur fær stórt blað og skriffæri. Verkefnið fær afmarkaðan tíma t.d. 20 mín. Hver hópur á að koma sér saman um og velja þau atriði sem hann telur að skipti mestu máli til að samskipti í bekknum séu góð og öllum líði vel. Takmarka má þetta við þrjú atriði. Niðurstaðan er skráð á blaðið í stuttum setningum t.d. „gott hljóð þegar verið er að vinna“. Þegar tíminn er liðinn fær hver hópur kennaratyggjó og festir blaðið sitt upp á tiltekinn stað á vegg stofunnar.
- ✓ Nú skiptast kynnarnir á að kynna niðurstöður hópa sinna fyrir öllum í bekknum. Kennarinn biður þá um að skýra nánar einstök hugtök eins og „tillitssemi“ eða „ekki skilja útundan“ og fá til þess aðstoð hóps síns eftir þörfum. Kennarinn þarf einnig að hjálpa nemendunum til að flokka frá óraunhæfar væntingar.
- ✓ Líklegt er að mikið sé um endurtekningar og kennarinn getur boðist til að taka niðurstöðurnar saman fyrir bekkinn og búa til einn sameiginlegan lista þar sem allar tillögur koma fram.

3.hluti – Einstaklingsmarkmið. U.. 50 mín.

- ✓ Sameiginlegi listinn er tilbúinn og kominn upp á vegg. Kennarinn ber listann upp fyrir nemendur og kannað er í sameiningu hvort einhverju sé ofaukið eða hvort eitthvað vanti. Kennarinn spyr hvort allir séu samþykkrir því að þetta verði SÁTTMÁLI bekkjarins (hugtakið úrskýrt eftir þörfum). Gefa þarf þann tíma sem þörf er á í umræður.
- ✓ Kennarinn biður nú hvern og einn að hugleiða í tvær mínútur hvað hann ætli sjálfur að leggja sérstaka áherslu á til að leggja af mörkum í sáttmálanum, það gætu t.d. verið þrjú atriði. Þetta þurfa að vera atriði sem hægt er að meta en ekki eitthvað alveg huglægt eins og ég ætla að vera kurteis. Þegar tíminn er liðinn snýr hver og einn sér að sessunaut sínum (kennarinn skilgreinir fyrirfram hver það er) og þeir segja hvor öðrum frá markmiðum sínum

og skilgreina nánar hvað í þeim flest. Gera má ráð fyrir fimm mínútur í þennan hluta.

Kennarinn tekur sjálfur þátt í þessu verkefni á sama hátt og nemendurnir, þ.e. hann setur sér megin markmið og gerir sessunaut grein fyrir þeim.

- ✓ Nú fær hver nemandi tvo miða og skriffæri og skrifar sömu þrjú markmið sín á báða miðana og nafn sitt undir (tveir sambærilegir miðar). Hver miði gæti byrjað á orðunum: Ég ætla að leggja sérstaka áherslu á... Einn og einn nemandi í einu límir annan miðann sinn á veggspjald með viðeigandi yfirskrift, (t.d. Þetta ætla ég að leggja áherslu á...) sem kennarinn hefur áður sett á vegginn, um leið og hann les upphátt fyrir bekkinn. Kennarinn tekur þátt í þessu líkt og nemendurnir. Gefa þarf tíma fyrir nánari útskýringar eða dæmi.
- ✓ Kennarinn fer nú aftur yfir sáttmálann með nemendunum og þau velta fyrir sér hvort eitthvað hafi orðið útundan þ.e. hvort þar séu mikilvæg atriði sem enginn ætli sér að bera ábyrgð með tilliti til markmiðanna sem nemendurnir eru búnir að setja sér. Ætti e.t.v. að þurrka eitthvað óraunhæft úr? *Markmiðið með þessu er fyrst og fremst að nemendur geri sér ljóst að þeir bera sjálfir mikla ábyrgð á bekkjarbragnum, það er ekki einhver annar sem gefur þeim hann.*
- ✓ Kennarinn lætur hvern og einn nemanda hafa ljósrit af endanlegum sáttmála, þeir fara með hann heim ásamt hinum miðanum sem þeir skráðu markmið sín á til að sýna foreldrum sínum hvernig þeir hafa unnið með verkefnið.

4.Hluti – Viðbrögð (viðurlög). U.þ.b. 50 mín.

- ✓ *Markmiðið með þessum hluta er að hjálpa nemendum til að ákveða viðbrögð eða viðurlög við broti á sáttmálanum. Leggja ætti áherslu á jákvæðar lausnir sem eru í beinu samræmi við brotið og hjálpa viðkomandi til að bæta framkomu sína og læra af mistökum um leið og hann bætir brotaþolanum skaðann. Lykilatriðin eru umhyggja og yfirbót. Brot á reglum hafa alltaf afleiðingar en mikilvægt er að nemendur geri sér ljóst að refsingar, niðurlægning og bæta ekki líðan og samskipti. Dæmi um viðbrögð í samræmi við brot er að nemandi sópar upp brotum af glasi sem hann missir í gólfu frekar en að honum sé sagt að sitja undir borði í 5 mínútur.*
- ✓ Kennarinn fer yfir sáttmálann með bekknum og spyr hvað eigi að gera ef einhver brýtur hann. Skiptir það útilokun máli að hann sé haldinn? Af hverju? Á að refsa þeim sem brjóta eitthvað í? Til hvers er refsing? Verður maður betri eftir að manni hefur verið refsað? Líður þeim sem brotið er á betur ef sá sem brýtur á honum er refsað? Eða er til eitthvað sem er betra fyrir hann? Hvað? Taka má dæmi um nemanda sem skilinn er útundan í frímínútum. Hvort er betra fyrir hann að þeir sem skilja hann útundan fái ekki að fara í næstu frímínútur eða að þeir biðji hann á því sem þeir hafa gert og segi frá því hvernig þeir ætli að bæta samskipti sín við hann? Gefa þarf þann tíma sem þörf er á í samræður og beina nemendum í lausnarmiðaða átt.
- ✓ Þegar kennarinn álltur að nemendurnir hafi skilið muninn á refsingu og yfirbót skiptir hann þeim í hópa í samræmi við fjölda atriða í sáttmálanum. Hver þátttakandi í hópnum fær hlutverk. Hóparnir fá hver sitt atriði í sáttmálanum til umfjöllunar og koma með tillögur að viðbrögðum við broti á þeim. Ef mjög mörg atriði eru í sáttmálanum getur hver hópur tekið fleiri en eitt til umfjöllunar. Tillögurnar eru afsökunar. Hóparnir fá fyrirfram afmarkaðan tíma til vinnunnar t.d. 20 mín.

- ✓ Einn og einn hópur í senn gerir munnlega grein fyrir tillögum sínum og rökstyður þær. Aðrir eru hvattir til að koma með spurningar og ábendingar sem tekið er tilliti til. Leitað er eftir samþykki bekkjarins við tillögunum áður en þær eru staðfestar.
- ✓ Kennarinn tekur saman staðfestar tillögur og skráir undir yfirskriftinni VIÐBRÖGÐ /viðurlög VIÐ BROTUM Á SÁTTMÁLA sem settur er á vegginn við hlið sáttmálans. Eldri nemendur geta einnig tekið verkefnið að sér.
- ✓ Foreldrar fá VIÐBRÖGÐ VIÐ BROTUM Á SÁTTMÁLA send heim.
- ✓ Nemendur kynna verkefnið í heild sinni fyrir foreldrum á haustfundi kennara og foreldra.

5. Hluti. Að viðhalda sáttmálanum og ábyrgðinni á honum.

- ✓ Kennarinn þarf að sjá til þess að sáttmálinn, áherslur einstaklinganna og viðbrögðin verði lifandi plögg í daglegu starfi bekkjarins. Nota þarf tækifæri sem gefast til að vísa til sáttmálans og ábyrgðar hvers og ein. Halda má fundi um einstaka liði, skrifa sögur, vinna stærðfræðiþrautir, gera myndverk, tengja einstök atriði í sáttmálanum við fréttir eða auglýsingar, lesa sögur eða horfa á kvikmyndir þar sem einstakir liðir sem tengjast sáttmálanum eru teknir til umfjöllunar o.s.frv.

6. Hluti. Skólabragur, skólasáttmáli.

- ✓ Verkefnið má víkka og endurbæta með því að tengja það við skólann í heild sinni - skólabraginn. Það krefst þess að allur skólinn vinni verkefnið um sama leyti og semji skólasáttmála fyrir viðkomandi skólaár. Þá gæti hver bekkur t.d. kynnt á sal fyrirætlanir sínar um að stuðla að góðum skólabrag.